AUGLÝSING


um friðlýsingu hverastrýtna á botni Eyjafjarðar.

Að tillögu Náttúruverndarráðs og Náttúruverndar ríkisins hefur umhverfisráðherra í samráði við sjávarútvegsráðherra ákveðið að friðlýsa hverastrýtur á botni Eyjafjarðar á stað u.þ.b. 65°49,73 N; 18°06,69 V og næsta nágrenni þeirra sem náttúruvætti í samræmi við 2. tl., 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda einstakt náttúrufyrirbrigði sem felst í myndun hverastrýtnanna, efnasamsetningu, útliti og lögun ásamt örveruvistkerfi sem þar þrífst við óvenjulegar aðstæður. Hverastrýturnar eru staðsettar á u.þ.b. 65 m dýpi og nær önnur upp á u.þ.b. 33 m og hin upp á u.þ.b. 15 m dýpi. Sérstaða strýtnanna felst einnig í hæð þeirra sem er óvenju mikil.

Mörk náttúruvættisins eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti og eru þau hringur með 200 m radíus út frá staðsetningu þess á botni Eyjafjarðar.

Hverastrýtur á botni Eyjafjarðar



Kort: Hluti sjókorts nr. 57 Eyjafjörður. Birt með leyfi Sjómælinga Íslands.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Togveiðar, netalagnir og línuveiðar eru bannaðar við náttúruvættið og á jaðarsvæði þess skv. markalýsingu hér að framan.
2. Rannsóknir og sýnataka í tengslum við þær er heimil að fengnu leyfi Náttúruverndar ríkisins.

3. Heimilt er að kafa niður að hverastrýtunum og skoða þær, en óheimilt er að hrófla við þeim eða valda á þeim spjöllum. Köfun við strýturnar ber að tilkynna hafnaryfirvöldum á Akureyri samdægurs.
4. Óheimilt er að kasta akkeri innan marka náttúruvættisins. Köfurum er hins vegar bent á að kafa niður hjá ljósbauju sem komið er fyrir við strýturnar. Frá baujunni liggur band/tengilína sem fest er í næsta nágrenni kulnuðu strýtunnar.
5. Óheimilt er að setja hverskonar festingar eða merki við hverastrýturnar.
6. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umsjónaraðila að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins.
7. Til ráðuneytis um stjórn náttúruvættisins skal skipuð samráðsnefnd og tilnefna Hafrannsóknastofnunin, Siglingastofnun, Hafnarsamlag Norðurlands, fulltrúi áhugakafara á Norðurlandi og Náttúruvernd ríkisins einn fulltrúa hver.

Náttúruvernd ríkisins getur falið lögaðila umsjón með náttúruvættinu og um hana skal gerður sérstakur samningur sem umhverfisráðherra staðfestir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Friðlýsingin tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Grenivík, 12. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Nr. 250 19. mars 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúða- og skólasvæðis að Hallormsstað, Austur-Héraði.

Með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst að bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 7. mars 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúða- og skólasvæði að Hallormsstað.

Fullnægt er skilyrðum 3. mgr. 25. gr. laganna um umsögn Skipulagsstofnunar, sbr. bréf hennar dags. 15. mars 2001.

Hið deiliskipulagða svæði nær yfir göturnar Fjósakamb og Réttarkamb, auk lóðar Hallormsstaðarskóla og Hótel Hallorms, auk óráðstafaðs opins svæðis.

Því er hér með tilkynnt að ofangreint deiliskipulag hefur tekið gildi frá og með birtingu auglýsingar þessarar.

Egilsstöðum, 19. mars 2001.

Þórhallur Pálsson,
forstöðumaður umhverfissviðs Austur-Héraðs.